

8 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð And-
28. mars rjesar Fjeldsted, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 28. mars 1924. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Andrjesar Fjeldsted.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Andrjesar Fjeldsted augnlæknis. Hann gegndi hjeraðslæknisstörfum í Þingeyrarhjeraði um 9 ára skeið og ávann sjer hylli og traust hjeraðsbúa. Þeir stofnuðu sjóð þennan til minningar um hann látinn.

2. gr.

Meðal annars var Andrjes Fjeldsted forgöngumaður þess, að sjúkrahús var reist á Þingeyri. Er því sjóðurinn bundinn við þetta óskabarn hans. Tilgangur sjóðsins er að gera sjúklingum veruna á sjúkrahúsinu á Þingeyri á einhvern hátt ánægjulegri, t. d. með jólagjöfum, kaupum bóka eða annara muna, er sjúklingar gætu haft sjer til dægurstyttingar meðan þeir dvelja á sjúkrahúsinu.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er að upphæð 1000 krónur; skal það ávaxtað í Sparisjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó má skifta um stað, ef stjórnendur sjóðsins álíta tryggara eða arðmeira. Skulu $\frac{1}{2}$ vextir lagðir við höfuðstólinn á ári hverju. Öðrum helmingi vaxtanna skal varið eins og um getur í 2. grein. Þegar höfuðstóll er orðinn 10.000 krónur, er stjórnendum sjóðsins þess utan heimilt að verja einhverjum hluta vaxtanna í þarfir sjúkrahússins. Þó skal jafnan $\frac{1}{4}$ þeirra leggjast við höfuðstól.

4. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af 3 manna nefnd. Í þeirri nefnd skulu sitja:

1. Hjeraðslæknir Þingeyrarhjeraðs.
 2. Einn maður kosinn af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu.
 3. Einn maður kosinn af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps.
- Kosning þessara manna gildir til þriggja ára í senn.

5. gr.

Störf nefndarinnar eru innifalin í reikningshaldi sjóðsins og úthlutun 28. mars á þeim hluta vaxtanna, sem árlega skal varið til framkvæmda. Eftir hver áramót semur hún skýrslu yfir gerðir sínar á árinu og reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á sama tímabili. Skal það ritað í sjerstaka bók, sem á hverjum sýslufundi sje lögð fyrir sýslunefnd til athugunar og samþykkis.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð árin 1921 og 1922.

T e k j u r :

| | |
|---|-----------|
| 1. Innstæða í Söfnunarsjóði | kr. 77.09 |
| 2. Afgjald af Hlíð í Grafningi 1921 | — 116.00 |
| — — — — 1922 | — 116.00 |
| 3. Vextir 1921 | — 3.99 |
| — 1922 | — 5.38 |

 Kr. 318.46

G j ö l d :

| | |
|-----------------------------------|------------|
| 1. Styrkur veittur 1921 | kr. 110.00 |
| — — 1922 | — 108.00 |
| 2. Innstæða í Söfnunarsjóði | — 100.46 |

 Kr. 318.46

Reykjavík, 6. janúar 1923.

Oddur Hermannsson.